

Sp.

57. Tillaga til þingsályktunar

[42. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða farkennurum jöfn laun.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að greiða farkennurum án kennararéttinda sömu laun af hálfu ríkissjóðs og farkennurum, er kennararéttindi hafa.

G r e i n a r g e r ð.

Í 15. gr. launalaga frá 1945 segir svo: „Farkennarar, sem ekki hafa kennara-
réttindi, fá $\frac{3}{4}$ af launum annarra barnakennara, miðað við jafnlangan starfstíma.“
Samkvæmt þessu fá farkennarar án kennaraprófs nú lægri laun en kennaraprófs-
menn, þótt hvorir tveggja leysi sömu störf af hendi. Mun slík tilhögun vera nálega
einsdæmi hér á landi. Það er t. d. kunnugt, að við gagnfræðaskóla og menntaskóla
starfa kennarar, er eigi hafa aflað sér starfsréttinda með prófi, og njóta þeir sömu
launa og samverkamenn þeirra, er próf hafa eða lögvernduð réttindi. Yfirleitt hefur
verið talið, að sá, sem ráðinn er eða skipaður til opinbers starfs, eigi að hljóta þau
laun, sem ákveðin eru fyrir starfið, enda gert ráð fyrir, að því aðeins hafi honum
verið falið slíkt starf, að hann geti leyst það af hendi.

Farkennarar í sveitum eru nú um 100 talsins. Af þeim munu um 30 hafa kennara-
réttindi (próf frá Kennaraskólanum), en nál. 70 eru án réttinda, og er því dregið
af launum þeirra. Kennarar, sem réttindin hafa, eru mjög tregir til að taka að sér
farkennslu, og hafa þá aðrir verið ráðnir, til þess að koma í veg fyrir, að skólahald
legðist niður í hlutaðeigandi skólahverfum. Það er kunnara en frá þurfi að segja,
að margir farkennarar eru, þótt þá skorti réttindi, prýðilega menntaðir og vel til
starfs fallnir. En aðstaða þeirra er slík, að þeir verða að víkja úr starfi, hvenær
sem réttindamaður sækir um það, og þar á ofan að sætta sig við lægri laun, meðan
þeir gegna starfinu.

Enn mun þess nokkuð langt að bíða, að lokið verði byggingu skólahúsa í sveit-
um landsins, þótt að því sé nú víða stefnt að koma þeim upp og heppilegt kunni að
reynast. Farkennslan verður því að minnsta kosti enn um hríð mikilsverður þáttur
í menningarlífi sveitanna. Mun og óhætt að fullyrða, að árangur slíkrar kennslu
geti orðið og hafi víða orðið tiltölulega mjög góður, miðað við kennslutíma. Margir
farkennarar hafa sýnt lofsverðan áhuga, en haft að ýmsu leyti óhægari aðstöðu til
starfs en kennarar við fasta skóla. Er því sízt ástæða til að ætla þeim minni hlut en
öðrum. Farkennarastéttin hefur að vísu litlar kröfur gert í þessum efnum, en ekki
ætti hún að gjalda hógvæðar sinnar.

Láta mun nærri, að upphæð sú, sem ríkissjóður yrði að greiða, ef heimildin
yrði samþykkt og notuð, næmi um 180 þús. kr., og þarf engum að vaxa hún í aug-
um samanborið við ýmislegt annað, sem farið er fram á um þessar mundir. Hluti
sveitarsjóða af mismuninum, sem að vísu er mjög litill (alls um 16 þús. kr.), verður
eigi greiddur nema með breytingu á launalögunum.

Það skal viðurkennt, að eigi sé viðkunnanlegt að heimila ríkisstjórninni að
greiða launaviðbætur umfram ákvæði launalaga. En slík heimild var samþykkt á
síðasta Alþingi til almennrar uppbótar á laun opinberra starfsmanna, og tillaga
um nýja heimild sömu tegundar er fram komin á Alþingi því, er nú situr. Verður
því aðferð sú, er í tillögu þessari felst, að teljast vel frambærileg, eins og nú er komið,
enda um réttlætismál að ræða. Engin ástæða er til, að þeir, sem vinna fræðslustörf
í sveitum landsins, beri minna úr býtum af ríkisfé, en þeir, sem hliðstæð störf vinna
annars staðar á landinu.